

RARIK ohf  
Árni Grétar Árnason  
Bíldshöfða 9  
110 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
09. júlí 2014	
10.5.4	
Tilv.	_____



Reykjavík, 9. júlí 2014  
Tilvísun: UST20140700092/bs


### Lagning Jarðstrengs í Öxnadal. Umsögn


Vísað er til bréfs RARIK ohf. dags. 9. júlí 2014 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd sem liggur að hluta um svæði nr. 505 á náttúruminjaskrá.

Um er að ræða lagningu jarðstrengs um 12,6 km að lengd. Lagnaleiðin er frá Bægisá að norðan suður í Engimýri. Um er að ræða 50q 12KV. jarðstreng sem er plægður á jarðýtu á 90-100 cm. dýpi.

Jarðstrengurinn verður að hluta plægður niður í næsta nágrenni Hringvegar 1, en að mestu leyti meðfram túnum og ræktuðu landi. Hluti leiðarinnar er á svæði 505 á náttúruminjaskrá. Náttúruverndargildi svæðisins er talið vera: *Fjölbreytt og fagurt land með stöðuvötnum, stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum, svo sem Hraundrangur.*

Umhverfisstofnun bendir á að talsverð reynsla er komin á plægingu jarðstrengja og hefur reynslan sýnt að ef plæging fer fram þegar land er þurrð verða sýnileg áhrif framkvæmdarinnar yfirleitt lítil og hverfa algerlega á fáum árum. Ekki verður annað séð að lagnaleiðin henti vel til plægingar, enda hagar framkvæmdaaðila að plægja í nægjanlega þykkjan jarðveg þannig að ekki þurfi að grafa fyrir strengnum. Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd muni ekki rýra náttúruverndargildi svæðis nr. 505 á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða lagningu jarðstrengs í Öxnadal.

Virðingarfyllt  
  
Gunnlaug H Einarsson

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur